

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hlaðbær-Colas Hafnarfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	2.3.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hlaðbær-Colas	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Gullhelli 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4201871499	<b>Flokkur</b>	Malbik
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gísli Eymarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	26.82.9
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Steingrímur Bragason	<b>Staðsetning</b>	352977,735 396393,374

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu en þrjú frávík komu fram. Varða þau mælingu á PAH gildum í útblæstri, mælingu á ryki í úrblæstri og of hárra gilda svifagna í frárennsli.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir niðurstöður síðasta eftirlits. Engin ný frávík frá kröfum starfsleyfis komu fram í síðasta eftirliti en eitt frávík frá eftirliti ársins 2011 var enn ófrágengið. Úrbótaáætlun vegna þessa frávíks hefur verið samþykkt af eftirlitsaðila og gerir hún ráð fyrir því að byggingu finefnageymslu verði lokið árið 2017. Rekstraraðili hefur hafið undirbúning á því verki og er að skoða mögulegar lausnir í samvinnu við verkfræðistofu.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Rætt var um að huga þurfi að endurskoðun á þeim áætlun sem rekstraraðila ber að hafa skv. starfsleyfi. Gæta þarf að því að hafa allar upplýsingar varðandi tengiliði og símanúmer réttar og eins ef aðferðum eða aðstæðum sé breytt, þá verði það einnig uppfært í áætlunum. Minnt er á að senda skuli allar yfirfarnar áætlanir til eftirlitsaðila. Lokið er við endurskoðun tveggja áætlana. Rekstraraðili sendir eftirlitsaðila afrit af uppfærðum áætlunum. Stefnt er að því að klára uppfærslur annarra áætlanna fyrripart þessa árs.

Farið var yfir stöðu mála en stöðin hefur verið í gangi meira og minna allt árið fyrir utan eðlileg stopp vegna viðhalds. Engar kvartanir haf borist rekstraraðila né eftirlitsaðila og engin mengunarslys hafa orðið frá síðasta eftirliti. Engar breytingar á starfseminni né aðstöðu eru fyrirhugaðar á næstunni. Verkefni um gróðursetningu trjáa allt í kringum lóð stöðvarinnar er í fullum gangi og verður hringnum væntanlega náð á næsta ári. Er þetta liður í að fegra nærumhverfið.

Rekstraraðili er með ISO 9001:2008 vottun auk Factory Production Control vottun sem gefur heimild til CE merkingar. Að sögn rekstraraðila er mikil áhersla lögð á umhverfismál í innri úttektum fyrirtækisins. Orkusparnaðaráttak er hjá Colas samsteypunni og er rekstraraðili aðili að því átaki. Verið er að skoða aðild að ISO 14001 vottun.

Olfuskiljur voru losaðar þann 4. apríl sl. af Hreinsitækni og voru kvittanir til staðar í eftirliti.

Farið var yfir mælingar síðasta árs og voru niðurstöður þeirra flestar innan marka starfsleyfis. Þó var frávík vegna magns svifagna í fráveituvatni. Ekki var hægt að framkvæma PAH og ryk mælingu í útblæstri þar sem mælíbúnaðurinn bilaði.

Rekstraraðili boðar til samráðsfundar í haust skv. gr. 4.9 í starfsleyfi.

Gengið var um vinnslusvæði stöðvarinnar og aðstæður skoðaðar. Vinnsla lá niðri, að undanskildu broti á uppfræstu malbiki til endurvinnslu. Lóðin er afgirt og aðgangur takmarkaður. Færibönd eru yfirbyggð og svæðið snyrtilegt yfir að líta.

### Frávík frá

Gr. 3.1 í starfsleyfi

### Lýsing á frávíki

Mælingar á PAH gildum í úrblæstri voru ekki gerðar árið 2014 vegna bilunar í mælíbúnaði.

Gr. 2.14 í starfsleyfi

Fráveituvatn skal uppfylla kröfur um hámarks svifagnir 50 mg/L, eftir meðhöndlun en gildi mælingar fyrir árið 2014 var 62,7 mg/L. Ástæður

Þess að gildi svifagna var of hátt eru ekki þekktar en var það rætt í eftirliti að fara þyrfti yfir þau mál og skila inn úrbótaráætlun til eftirlitsaðila.

Gr. 3.1 í starfsleyfi

Mælingar á ryki í úrblæstri voru ekki gerðar árið 2014 vegna bilunar í mælíbúnaði.

#### **ATHUGASEMDIR**

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu


#### **ANNAÐ**

Restraraðili hefur fengið útgefið starfsleyfi vegna bikbigðastöðvar MHC að Óseyrarbraut í Reykjavík. Stefnt er að eftirliti þar í tengslum við samráðsfundinn í haust.

Vöktunarbúnaður er yfirfarinn og kvarðaður árlega af framleiðanda stöðvarinnar, sem fylgir leiðbeiningum frá framleiðendum vöktunarbúnaðarins. Mælingar eru teknar en hingað til hafa niðurstöður þeirra ekki verið notaðar í vöktunarskýrsluna heldur einungis niðurstöður mælinga frá Verkís. Þar sem mælitæki Verkís biluðu þegar mæla átti útblástur fyrir árið 2014 þá voru mæliniðurstöður framleiðanda sendar eftirlitsaðila en inn í þær vantaði einungis gildi fyrir PAH og ryk, önnur gildi skv. starfsleyfi voru mæld.

Viðstaddur eftirlitið var einnig Sigþór Sigurðsson.

Reykjavík, 06.03.2015



Guðbjörg Stella Árnadóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.